

## AUGLÝSING um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 129. löggjafarþings, frá 27. maí 2003 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

*Gjört í Reykjavík, 26. maí 2003.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.“*

Alþingi samþykkti hinn 27. maí 2003 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinna. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 129. löggjafarþings, frestað hinn 27. maí 2003.

*Forsætisráðuneytinu, 28. maí 2003.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*